



# Símenntunaráætlun leikskólans Arnarberg

Símenntunaráætlun er áætlun leikskólans Arnarbergs til að skilgreina og ákveða hver sé nauðsynleg símenntun á starfsvettvangi á hverjum tíma, þ.e. fræðsla, ráðgjöf, handleiðsla og hvers konar námssamstarf, fyrir starfsmenn hennar í heild sinni eða einstakra hópa innan hennar. Símenntunaráætlun nær því ekki til einstaklinga í skólum fræðsluþjónustunnar varðandi persónulega fagþróun og nauðsynlega símenntun þeirra í því samhengi. Sú fagþróun einstakra starfsmanna er aftur á móti skilgreind í *starfsþróunaráætlun* á grundvelli starfsmannasamtala og er nátengt verkefni.

Meginmarkmið símenntunaráætlana hjá Hafnarfjarðarbæ er að vinna að því að bæta hæfni skóla/stofnana til að sinna verkefnum sínum í samræmi við opinbert regluverk (lög, reglugerðir, reglur og önnur fyrirmæli), styrkja staðbundið skipulag og vinna að góðri aðlögun stofnunar að stöðugt breyttum þjóðfélagsaðstæðum.

## Grunnupplýsingar

Tímabil áætlunar:	Skólaárið 2014-2015
Ábyrgðaraðili:	Oddfríður Sæby Jónsdóttir
Netfang ábyrgðaraðila:	oddaj@internet.is

## I. Stefnumörkun um símenntun:

### Hafnarfjörður:

Áhersluþættir stefnumótunar varðandi símenntunaráætlanir í stofnunum Hafnarfjarðarbæjar eru:

- Að símenntunaráætlun stofnunar er til að styðja við skyldur Hafnarfjarðarbæjar að sinna lögboðnum verkefnum sveitarfélaga og þróa þau.
- Að árleg símenntunaráætlanagerð er nauðsynleg í öllum stofnunum Hafnarfjarðarbæjar til að þær aðlagist stöðugt betur nýjum aðstæðum, kröfum og verkefnum.
- Að gerð árlegrar símenntunaráætlunar er vinnuregla hjá Hafnarfjarðarbæ til að styrkja mannauðsstjórnun í öllum stofnunum bæjarins.

### Fræðsluþjónusta Hafnarfjarðar:

Áhersluþættir stefnumótunar varðandi símenntunaráætlanir innan fræðsluþjónustunnar eru:

- Að símenntunaráætlun skóla innan fræðsluþjónustunnar taki mið af skólaárinu.
- Að veiti Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar sérstakan stuðning við símenntun einstakra skóla skal slíkt skráð í símenntunaráætlun skóla viðkomandi skólaár og þá án kostnaðar fyrir skóla.
- Að leik- og grunnskólar birti símenntunaráætlanir sínar í starfsáætlun skóla á viðkomandi skólaári (sbr. aðalnámskrár leik- og grunnskóla, 2011) fyrir upphaf skólaárs.
- Að uppbygging símenntunaráætlunar er stefna > markmið > staða > áætlun.
- Umsóknarfrestur á styrkbeiðnum til fræðsluþjónustunnar vegna símenntunar er 30. nóvember ár hvert til Skólaskrifstofunnar, sviðsstjóra, á rafrænu formi (word-pdf) og skilist á sérstöku styrkumsóknarformi sem Skólaskrifstofan gefur út.
- Að sviðsstjóri úthlutar fjármagni til símenntunar í einstaka skólum og skal úthlutun fara fram sem fyrst eftir að fjármagn til þess sé ljóst í fjárhagsáætlun bæjarins og eigi síðar en í janúar ár hvert. Möguleiki er á tvískipti úthlutun frá Skólaskrifstofu.
- Að við úthlutun á miðlægu fjármagni til símenntunar í skóla fræðsluþjónustunnar skal tekið mið af (i) ábyrgð hvers skóla að sinna símenntun fyrir sína starfsmenn, (ii) starfsmannafjölda og (iii) sérstökum áhersluþáttum einstakra skóla í símenntun á viðkomandi skólaári. Öll þessi viðmið eru bundin því að sjálf símenntunaráætlunin og styrkumsóknin veiti nægar forsendur til úthlutunar símenntunarstyrks.
- Að skólar fræðsluþjónustunnar eru hvattir til að sækja um styrki til símenntunar í aðra sjóði eins og mögulegt er, samhæfa sem mest eigin stefnu og tengja hana formlegu þróunarstarfi í skóla (skólaþróun).

## Stefnumörkun um símenntun, frh.:

- Skólinn:** Áhersluþættir stefnumótunar skólans varðandi símenntun eru:
- A. Að símenntunar taki mið af þörfum alls starfsfólks
  - B. Að símenntun verði alltaf í samræmi við stefnu skólans og áhersluþætti hverju sinni

## 2. Markmið

**Meginmarkmið skóla:**

Símenntun í skólanum hefur að meginmarkmiði:

- A. Að efla þekkingu, hæfni og starfsánægju starfsmannsins, að starfsmaður finni að hann þróist í starfi, öðlist öryggi og fái viðurkenningu fyrir starf sitt.
- B. Að auka þekkingu og færni starfsmanna til að takast á við fjölbreytileikan
- C. Að efla og þróa læsishvetjandi umhverfi ásamt innleiðingu K-pals
- D. Að efla og festa í sessi SMT agastjórnunartæki
- E. Að nota spjalddölvur með áherslu á málörvun. Einnig innleiða notkun spjalddölvu öðrum námsþáttum .s.s. stærðfræði, sköpun og náttúrufræði.

**Starfsmarkmið skóla:**

Símenntun í skólanum hefur eftirfarandi starfsmarkmið til næstu (3ja) ára:

- A) Símenntun í skólanum hefur eftirfarandi starfsmarkmið til næstu (3ja) ára:
1. Að vinna að innleiðingu K-pals með tveimur elstu árgöngum skólans – læsisaðferð fyrir leikskólabörn
  2. Að halda áfram með læsishvetjandi umhverfi og málskilning
  3. Við erum enn að innleiða SMT færni í leikskólann. Við ætlum okkur að auka færni okkar við að innleiða þetta agastjórnunarkerfi og mannrækt í okkar leikskóla
  4. Við höldum áfram á sömu braut og leggjum mikla áherslu á starfsmanninn og hans líðan - hópefling
  5. Við leggjum áherslu á að allir deildarstjórar fái réttindi á að taka Hljóm2 og nota TRAS-listann

*Frekari umfjöllun um markmið, áherslur eða leiðir stofnunar í símenntun sem skólinn vill taka fram (ef vill en ef ekki þá er þessu boxi eytt)*

### 3. Staða – verkefnastaða frá komandi starfsári

Hér skulu kynntar niðurstöður af símenntunarverkefnum síðasta árs, hvort þau voru unnin eða ekki, eins og þau voru skilgreind í síðustu símenntunaráætlun og í sömu röð og þar er að finna.

ÁÆTLUÐ SÍMENNTUNARVERKEFNI SÍÐASTA ÁRS				Fjöldi þáttt. (N)
	A. Áætluð símenntunarverkefni - ALLIR	Gert (x)	Ógert (x)	
A1	Styrkja starfsfólk í gagnreyndum aðferðum við málörvun	x		28
A2	Skyndihjálp	x		28
A3	Öðlast sameiginlega sýn á Aðalnámsskrá leikskóla	x		28
A4	Auka þekkingu á innra mati á skólastarfi	x		28
A5	Innleiða SMT sem tæki til agastjórnunar	x		28
A6	Öðlast sameiginlega sýn í jafnréttismálum	x		28
A7	Að styrkja alla í góðum vinnubrögðum	x		28
A8	Að efla og styrkja alla í góðum vinnubrögðum og efla liðsandann	x		28
A9	Styrkja starfsfólk við skrif á námskrá og á heimasíðu	x		28
	Styrkja starfsfólk í því að segja skemmtilegar sögur.		x	28
	Tryggja að allir taki þátt í gerð skólanámskrár	x		28
	Uppeldisfræðilegar skráningar	x		28
	FJÖLDI ALLS			
	B. Áætluð símenntunarverkefni - HÓPAR	Gert (x)	Ógert (x)	
B1	Kynning á leikskólastarfi	x		28
B2	Mótþróafraeðsla fyrir SMT skóla	x		2
B3	PMT fræðsla fyrir SMT skóla	x		4
B4	Aðferð við íhlutun-vísindi eða valfrelsi		x	2
B5	Samstarf leik- og grunnskóla	x		2
B6	Hvernig er málörvunarefni sem til er í leikskólum notað á árangursrík.	x		3
B7	Samþætt og skapandi leikskólastarf	x		1
B8	Foreldraviðtöl	x		4
B9	Fjölmening í leikskóla		x	2
	Sameiginlegur skipulagsdagur/Lýðræði , sjálfbærni, sköpun			28
	Boðberi válegra tíðinda	x		2
	Teiknitúlkun	x		2
	Tvítyngd börn	x		2
	Leitin að hamingjunni	x		1
	Málþing um læsi	x		3
	iPad- í leikskólum námskeið	x		28
	K-pals námskeið	x		4
	Hljóm-2 námskeið	x		2

Trúnaðarmannanámskeið	x		2
Vinnustaðamening- bættur liðsandi- samskipti	x		28
Atferlisþjálfun	x		2
		FJÖLDI ALLS	152

### Samantekt símenntunaráætlunar síðasta starfsárs (2013 - 2014)

(hvernig gekk, hvernig nýttist símenntunin og hvers er sérstaklega þörf núna?)

1. Afrakstur símenntunaráætlunar árið 2013 – 2014 er að starfsfólkið er betur í stakk búið til að tileinka sér stefnu leikskólans og hefur öðlast aukna þekkingu á læsishvetjandi umhverfi. Bætt við sig aðferð við lestrarkennslu hjá leikskólabörnum og er á byrjunarreit með læsishvetjandi vinnu í gegnum spjaldtölvu. Einnig eru starfsmenn að leitast við að nota spjaldtölvur í öðrum þáttum leikskólastarfsins. Haldið var gagnlegt námskeið í uppeldisfræðilegum skráningum sem eykur vissu og vitund starfsmanna um starfið á hverjum tíma og hjálpar til við allt innra mat.
2. Unnið var áfram með eflingu liðsandans, samskipti og betri líðan starfsfólks. Starfsmenn hafa nýtt sér þá símenntun frá skólaskrifstofu sem hefur verið í boði. Námskeið í samskiptum var haldið til að efla liðsandann sem skilaði góðum árangri.
3. Starfsfólkið hefur verið einstaklega duglegt að sækja þau námskeið sem Skólaskrifstofan hefur boðið uppá. Þar er um að ræða fjölbreytt efnisval sem hefur höfðað til hvers og eins á eigin forsendu og skólans. Einnig hafa starfsmenn sótt námskeið og fyrirlestra á vegum Endurmenntunar H Í, Greiningarstöðvar ríkisins og einkaaðila allt eftir því sem hefur þurft og verið mikilvægt á hverjum tíma.
4. Ekki náðist að fylgja eftir allri þeirri símenntunaráætlun sem lögð var fyrir árið 2013 – 2014 vegna ýmissa ástæðna. Stefnt er að því að gera eins vel og kostur er samkvæmt fjármagni ,námstilboðum og þörf skólans á hverjum tíma með og starfsmanna hans.
5. Það sem við teljum **brýnt** á næsta skólaári er að efla og styrk alla í góðum vinnubrögðum og vinna áfram með liðsandann. Einnig að auka þekkingu á innra mati í skólastarfi og innleiðingu á grunnþáttum nýrrar skólanámskrá. Vegna fjölda barna af erlendum uppruna er mikilvægt að fá fyrirlestur um fjölmening - ólíka menningarheima og kennslu barna af erlendum uppruna. Styrkja stoðir og halda áfram að efla málvitund og byrjendaæsi barna skólans. Sækja námskeið í „Tákn með tali“,efla starfsmenn í notkun spjaldtölvu með börnum og sækja námskeið í P-pals fyrir næst elsta árganginn. Þeir sem eiga eftir að sækja námskeið í Hljóm-2 sækja það. Mikilvægt er fyrir deildarstjóra og annað fagfólk að sækja námskeið í TRAS- listanum ef ákveðið verður að nota hann í tengslum við læsisátak bæjarins sem eitt af matstækjunum.

6. Einnig er **brýnt** að efla fagfólk í leikskólanum einkum það starfsfólk sem sinnir sérkennslu þar sem mikil aukning er á sérkennslubörnum sem þurfa mikinn stuðning. Þau námskeið sem starfsfólk í sérkennslu þarf að sækja eru mjög dýr, því þarf meira fjármagn í þau en mörg önnur námskeið (t.d Greiningarstöðin og Námsmatstofnun). Mikilvægt er fyrir alla starfsmenn skólans að fá námskeið í TMT (tákn með tali) þar sem hér eru börn sem þurfa á því að halda.

#### 4. Aðgerðaáætlun símenntunar skólaárið 2014-2015

Hér skulu tilgreind öll símenntunarverkefni sem skólinn stefnir að á viðkomandi starfsári, óháð því hvort fjármagn sé komið til þeirra eða ekki eða hvaðan fjármagnið kemur. Geta skal í áætlun hvort stefnt er að sækja fjármagnið til þess til Hafnarfjarðarbæjar (nei) eða til **annarra** (já).

##### Verkefnaskrá – áætlun um símenntunarverkefni starfsársins lýst á einfaldan og skýran hátt:

(bætið við eða takið út reiti í töflunni eftir þörfum)

ÁÆTLUÐ SÍMENNTUNARVERKEFNI ÞESSA SKÓLAÁRS			
	Áætluoð símenntunarverkefni - ALLIR	Kostn. í þús. kr.	Styrkur frá öðrum (JÁ – NEI)
A1	Mótun menntastefnu í ljósi grunnþáttanna leikskólans . Skipulagt af leikskólanum		
A2	Læsishvetjandi umhverfi- hvernig segja á skemmtilega sögu/ ævintýri- leikur að bókum.	60.000	
A3	Fjölmening - fyrirlestur um ólíka menningarheima og kennslu barna af erlendum uppruna	45.000	
A4	iPad í leikskólastarfi	60.000	
A5	Vinnustaðamenning- bættur liðsandi, námskeið til að efla starfsanda á vinnustaðnum.	45.000	
A6	K-pals námskeið í læsisinnlögn / innleiða P-pals (næst elsti árgangurinn)	60.000	
A7	Hljóm2		já
A8	Endurmenntun Háskóla Íslands/Smábarnalistinn		já
	TRAS - námskeið		
A9	TMT – tákn með tali námskeið	80.000	
A10	Námskeið/fræðsla skólaskrifstofu og Kragans.		
	Fylgja eftir nýrri skólanámskrá með samlestri og sameiginlegri vinnu.		
	<b>SAMTALS</b>	<b>350.000</b>	
Áætluoð símenntunarverkefni - HÓPAR			
B1	Kynning á leikskólastarfi fyrir nýja leiðbeinendur-Kraganámskeið	0	nei
B2	K-Pals- pör læra saman og P-pals (samsvarandi fyrir næst elstu börnin)	0	nei
B3	Boðberi válegra tíðinda - Skólaskrifstofa	0	nei
B4	Leikurinn - Skólaskrifstofa	0	nei
B5	Slysavarnir og skyndihjálp leikskólabarna- Kraganámskeið	0	nei
B6	Útikennsla – Kraganámskeið	0	nei
B7	Hvernig er málörvunarefnið sem til er út í leikskólunum notað á árangursríkan hátt? -Kraganámskeið	0	nei
B8	Liðsheild – jafningjastjórnun Kraganámskeið	0	nei
B9	Námsögur – Að meta nám og bæta leikskólastarf - Kraganámskeið	0	nei
B10	Tvítýngd börn - Kraganámskeið	0	nei
B11	Læsishvetjandi umhverfi – Skólaskrifstofa	0	nei

B12	Málörvandi spil og leikir - Kraganámskeið	0	nei
B13	PMT- fræðsla fyrir SMT leikskóla - Skólaskrifstofa	0	nei
B14	APES – námskeið – Skólaskrifstofa	0	
	Deildarstjórar fari á K- Pals og P-pals	72.000	nei
	Þrjú starfsmenn fara á atferlís námskeið á Greiningarstöðina v/ einhverfu barna	80.000	
	Deildarstjórar fari á Hljóm 2 (þeir sem eiga fetir að fara)	60.000	
	Starfsmenn fari á TRAS námskeið	60.000	
	Tákn með tali – námskeið fyrir alla starfsmenn	60.000	
	Kvíði barna		já
	Smábarnalistinn		já
	iPad með leikskólabörnum – námskeið fyrir alla starfsmenn	60.000	
	SAMTALS	<b>392.000</b>	
	<b>HEILDARKOSTNAÐUR</b>	<b>742.000</b>	

Hafnarfirði 26. janúar 2015.

Oddfríður Sæby Jónsdóttir  
Skólastjóri